

# Leiðbeiningar

með stöðluðu formi stofnanasamnings

Þegar gengið er frá ráðningarsamningi og sú leið er valin að semja um ráðningarkjör með vísan í staðlað form stofnanasamnings, sbr. 11.5 í kjarasamningi aðila, er þannig staðið að málum

Starfsmaður og forstöðumaður stofnunar nota staðlað form stofnanasamnings til að semja um grunnröðun starfs (gr.3), um hvert vægi persónubundinna þátta eigi að vera, s.s. vegna viðbótarmenntunar og fagreynslu (gr.4), og vægi tímabundinna þátta, s.s. fyrir sérstaka færni og árangur (gr. 5). Þeir færa þá niðurstöðu inn á staðlaða formið og staðfesta með undirskrift sinni. Það verður þá fylgirit 1 með ráðningarsamningi. Að auki ganga aðilar frá launablaði og staðfesta með undirskrift sinni, sem verður fylgirit 2 með ráðningarsamningi. Á launablaði kemur m.a. fram samsetning launa og skýringar eftir atvikum á launaflokkum og launabrepum.

Minnt er á að þessi leið sem hér er lýst að ofan, felur ekki í sér að kominn sé á formlegur stofnanasamningur milli stéttarfélags og stofnunar, heldur stofnanasamningsígildi eða persónubundinn samningur milli starfsmanns og stofnunar en með vísan í hið staðlaða form.

Vilji starfsmaður og stofnun vinna áfram með samkomulagið þannig að það geti orðið að stofnanasamningi, þarf stéttarfélagið, Verkfræðingafélag Íslands, að staðfesta samninginn með undirskrift sinni.

Reykjavík, 12. janúar 2022

F.h. fjármála- og efnahagsráðherra

F.h. Verkfræðingafélags Íslands